

Framhaldsskóli Vestmannaeyja  
Félagsmiðstöðin  
Frístundaver  
Grunnskóli Vestmannaeyja  
Kirkjugerði  
Sóli  
Tónlistarskóli Vestmannaeyja  
Víkin



# VERKLAG

VEGNA GRUNS UM OFBELDI  
VANRÆKSLU EÐA  
ÁHÆTTUHEGÐUN BARNA



[vestmannaeyjar.is](http://vestmannaeyjar.is)

## **Verklag stofnana vegna gruns um vanrækslu, ofbeldi eða áhættuhegðun barna**

Útgefið 2021

### **Undirbúningshópur og ritstjórn:**

Anna Rós Hallgrímsdóttir, skólastýra Grunnskóla Vestmannaeyja

Bjarney Magnúsdóttir, leikskólastýra Kirkjugarðis

Drífa Gunnarsdóttir, fræðslufulltrúi Vestmannaeyjabæjar

Guðrún S. Þorsteinsdóttir, aðstoðarleikskólastýra Víkurinnar

Helga Björk Ólafsdóttir, leikskólastýra Sóla

Ingibjörg Jónsdóttir, ráðgjafi við Framhaldsskóla Vestmannaeyja

Silja Rós Guðjónsdóttir, yfirfélagsráðgjafi Vestmannaeyjabæjar

## Efnisyfirlit

<b>Tilkynningarskylda</b> .....	<b>3</b>
<b>Dæmi um tilvik sem rétt er að tilkynna</b> .....	<b>4</b>
Ofbeldi .....	4
Líkamlegt ofbeldi .....	4
Tilfinningalegt (andlegt) ofbeldi .....	4
Heimilisofbeldi .....	5
Kynferðislegt ofbeldi .....	5
Vanræksla .....	5
Áhættuhegðun barns .....	6
<b>Verklag</b> .....	<b>8</b>
Hlutverk starfsfólks .....	8
Skráning málsatvika .....	9
Hvert á starfsmaður að leita? .....	9
Tilkynning .....	10
<b>Eftir að mál hefur verið tilkynnt</b> .....	<b>11</b>
Upplýsingar til tilkynnanda og samstarf .....	11
Foreldrasamskipti .....	11
Stuðningsúrræði .....	11
<b>Verklag-myndrænt</b> .....	<b>12</b>

# TILKYNNINGARSKYLDA

## SAMKVÆMT BARNAVERNDARLÖGUM NR. 80/2002

Markmið barnaverndar er að tryggja að börn og ungmenni sem búa við óviðunandi aðstæður eða börn sem stofna heilsu sinni og þroska í hættu fái nauðsynlega aðstoð. Hagsmunir barna eru leiðarljós í öllu starfi barnaverndarnefnda og ætíð ber að leita þeirra lausna sem börnum er fyrir bestu.

Með þessum verklagsreglum er gert ráð fyrir að starfsmenn allra skólastofnanna meti hvort ástand, líðan eða umönnun barns sé þannig háttáð að tilkynna eigi um það til barnaverndar.

Hverjum þeim sem býr yfir grun eða vitneskju um að barn búi við vanrækslu, ofbeldi eða sýni af sér áhættusama hegðun er skylt að tilkynna.

Tilkynna skal um grun, ekki aðeins staðfestar sannanir. Það er hlutverk barnaverndar að meta hvort tilkynning sé nægilega rökstudd og taka ákvörðun um frekari könnun á því. Börn eiga alltaf að fá að njóta vafans.

### 16. gr. Tilkynningarskylda almennings

Öllum er skylt að tilkynna til barnaverndarnefndar ef þeir hafa ástæðu til að ætla að barn:

- búi við óviðunandi uppeldisaðstæður,
- verði fyrir ofbeldi eða annarri vanvirðandi háttsemi eða
- stofni heilsu sinni og þroska í alvarlega hættu.

Tilkynnandi skv. 16.gr. getur óskað nafnleyndar gagnvart öðrum en barnaverndarnefnd.

### 17. gr. Tilkynningarskylda þeirra sem afskipti hafa af börnum

Hverjum þeim sem stöðu sinnar og starfa vegna hefur afskipti af málum barna eða þungaðra kvenna og verður var við aðstæður eins og lýst er í 16. gr. er skylt að tilkynna það barnaverndarnefnd.

Sérstaklega er leikskólastjórum, leikskólakennurum, dagmæðrum, skólastjórum, kennurum, prestum, læknum, tannlæknum, ljósmæðrum, hjúkrunarfræðingum, sálfræðingum, félagsráðgjöfum, þroskaþjálfum, [náms- og starfsráðgjöfum] <sup>3)</sup> og þeim sem hafa með höndum félagslega þjónustu eða ráðgjöf skylt að fylgjast með hegðun, uppeldi og aðbúnaði barna eftir því sem við verður komið og gera barnaverndarnefnd viðvart ef ætla má að aðstæður barns séu með þeim hætti sem lýst er í 1. mgr.

Tilkynningarskylda samkvæmt þessari grein gengur framur ákvæðum laga eða siðareglna um þagnarskyldu viðkomandi starfsstétta.

Hverjum þeim sem býr yfir grun eða vitneskju um að barn búi við vanrækslu, ofbeldi eða sýni af sér áhættusama hegðun er skylt að tilkynna

Tilkynnandi skv. 16.gr. getur óskað nafnleyndar gagnvart öðrum en barnaverndarnefnd

Tilkynningarskylda samkvæmt þessari grein gengur framur ákvæðum laga eða siðareglna um þagnarskyldu viðkomandi starfsstétta.

# DÆMI UM TILVIK SEM RÉTT ER AÐ TILKYNNNA

Hafa ber í huga að oft á tíðum er það ekki eitthvað eitt tilvik eða atriði sem vekur áhyggjur starfsmanns. Um getur verið að ræða fleiri þætti, ástand eða tilfinningu fyrir líðan barns sem vekur áhyggjur starfsmanns. Mikilvægt er því að starfsmenn skólastofnanna haldi góðri skráningu um atvik eða áhyggjur sem geta komið upp.

Barnaverndarmál eru flokkuð á eftirfarandi hátt: Ofbeldi, vanræksla og áhættuhegðun barns. Mörkin á milli flokka geta stundum verið óljós og ótal atriði er unnt að setja undir hvern flokk.

Listann hér að neðan má hafa til hliðsjónar til að hjálpa starfsmanni til að glöggva sig á líðan og ástandi barnsins. Mikilvægt er að undirstrika að listinn er ekki tæmandi.

## Ofbeldi

Ofbeldi gagnvart barni er skilgreint sem athöfn af hálfu foreldris eða annars aðila sem leiðir til eða er líklegt til að leiða til skaða á þroska barns. Ofbeldi skiptist í eftirfarandi flokka: Líkamlegt, tilfinningalegt eða kynferðislegt.

Sé grunur um ofbeldi af hendi náins aðstandanda skal ekki greina þeim eða forsjáraðilum frá tilkynningu heldur hafa strax samband við barnavernd/112.

### Líkamlegt ofbeldi

Líkamlegt ofbeldi gagnvart barni er ofbeldi sem leiðir til þess að barnið skaðast eða er líklegt til þess. Barn er þá meitt viljandi á einhvern hátt eða ofbeldinu beitt á óbeinan hátt. Barnið getur borið merki ofbeldisins t.d. með marbletti, skrámu, brunasári eða beinbroti sem barnið og/eða foreldrar reyna að fela eða eiga erfitt með að útskýra, eða ef útskýring er ótrúverðug. Líkamlegt ofbeldi gagnvart börnum varðar við lög.

*Líkamlegt ofbeldi getur falist í:*

- Að barnið er slegið, hrist, sparkað í það, því hent til, brennt t.d með sígarettu eða sjóðandi vatni eða það bundið niður svo það geti ekki losað sig.
- Að barni er gefin hættuleg lyf án læknisráðs, byrjað eitur, látið borða skemmdan mat eða annað sem ætla má að geti skaða barnið eða verið því hættulegt.
- Að hrista ungabarn eða slá því utan í vegg.

### Tilfinningalegt (andlegt) ofbeldi

Oft er erfitt að greina tilfinningalegt ofbeldi en það getur engu að síður haft mjög alvarlegar afleiðingar fyrir barnið. Tilfinningalegt ofbeldi felur í sér að foreldrar eða aðrir umönnunaraðilar sýna barninu viðvarandi neikvætt viðhorf og neikvæðar tilfinningar sem eyðileggur eða hindrar þróun jákvæðrar ímyndar barnsins. Einnig er það skilgreint sem tilfinningalegt ofbeldi þegar barn eða ungmenni verður vitni af ofbeldi innan fjölskyldu, t.d. á milli foreldra.

Sé grunur um ofbeldi af hendi náins aðstandanda skal ekki greina þeim eða forsjáraðilum frá tilkynningu heldur hafa strax samband við barnavernd/112

### *Tilfinningalegt ofbeldi getur falist í:*

- Viðhorfi eða hegðun sem segir að barnið sé einskis vert, engum þyki vænt um það eða enginn vilji sjá það.
- Algjört aðgerðarleysi eins og að sýna barninu engar tilfinningar eða hunsa það.
- Að barn er móðgað, kallað ónöfnum eins og fífl, asni, hálfviti, eða komið er fram við það á ómanneskjulegan eða niðrandi hátt.
- Sífelld er sett út á eiginleika þess eða gjörðir, svo sem útlit, skap, heimalærdóm o.fl..
- Óraunhæfar kröfur gerðar til barnsins miðað við aldur þess og þroska, t.d. að ætlast til að barn klæði sig sjálf hjálparlaust, sinni heimilisstörfum, hugsi um fjármál eða veikindi fullorðins aðila.
- Niðurlægjandi og skaðlegum refsingum beitt eins og að neita barni um mat, svefn, læsa inni í refsingarskyni.
- Barn verður vitni að ofbeldi milli annarra innan fjölskyldu
- Ekki er tekið tillit til þarfa barnsins sem sjálfstæðs einstaklings heldur gert ráð fyrir að barnið sé með sömu þarfir og langanir og hinn fullorðni.

### **Heimilisofbeldi**

Ekkert barn á að þurfa að verða vitni af ofbeldi, allra síst á heimili sínu. Friðhelgi heimilisins nær ekki til ofbeldis og allt ofbeldi á heimilum þar sem börn eru, er jafnframt ofbeldi gagnvart börnum. Afleiðingar heimilisofbeldis geta verið mjög alvarlegar og jafnvel fylgt viðkomandi á unglings- og fullorðinsárin. Áhrifin geta verið félagslegir, geðrænir, líkamlegir erfiðleikar.

### **Kynferðislegt ofbeldi**

Kynferðislegt ofbeldi felur í sér að kynferðislegum athöfnum, orðum eða myndum er beint gegn barni. Kynferðislegt ofbeldi getur átt sér stað á milli fullorðins einstaklings og barns eða á milli tveggja barna þar sem annar einstaklingur hefur vald yfir hinum.

### *Kynferðislegt ofbeldi getur falist í:*

- Kynferðislegri athöfn gagnvart barni eða með barni innan 15 ára aldurs með eða án vilja barnsins.
- Kynferðislegri athöfn gagnvart barni eða með barni 15 ára eða eldra án vilja barnsins
- Samfarir/munnmök við barn eða samfarir/munnmök barns við annan aðila
- Að barn sé látið horfa á klámefni eða kynfæri, einnig ef teknar eru myndir af barni í þeim tilgangi að örva aðra kynferðislega.
- Að þuklað sé á kynfærum barns eða svæðum nálægt kynfærum eða barn látið þukla á kynfærum einhvers eða svæðum nálægt kynfærum.
- Kynferðislegum myndum, orðum og samræðum á samfélagsmiðlum, t.d. barni send klúr skilaboð eða klúrir brandarar sagðir í návist barnsins

### **Vanræksla**

Vanræksla getur verið bæði tilfinningaleg og líkamleg. Hún getur falist í því að barn fái ekki þá umönnun og aðbúnað sem því er nauðsynlegt og getur leitt til skaða á þroska þess. Vanræksla getur hafist strax á fósturstigi.

Að öllu jöfnu telst það ekki vanræksla þegar þörfum barnsins er ekki sinnt nógu vel í einstaka skipti en þegar umönnun barns er endurtekið ábótavant flokkast það sem vanræksla.

Vanræksla skiptist í eftirfarandi flokka: Líkamleg vanræksla, vanræksla varðandi umsjón og eftirlit, vanræksla varðandi nám og tilfinningaleg vanræksla.

*Líkamleg vanræksla getur falist í:*

- Döfnunarfeill (alvarleg líkamleg og tilfinningaleg vanræksla ungarbarns)
- Fæði ábótavant
- Klæðnaði ábótavant
- Hreinlæti ábótavant
- Húsnæði ábótavant

*Vanræksla varðandi umsjón og eftirlit getur falist í:*

- Foreldri fylgist ekki nægilega vel með barninu sínu
- Barn er skilið eftir eitt án þess að hafa aldur og þroska til þess
- Barn er skilið eftir hjá hæfum aðila en óeðlilega lengi
- Barn er skilið eftir hjá óhæfum einstaklingi og/eða einstaklingi sem beitir börn ofbeldi
- Foreldrar eru ófærir um að sinna þörfum barnsins vegna eigin áfengis- eða vímuefnaneyslu.
- Foreldri lýsir yfir vilja til að yfirgefa barn eða yfirgefur barn til frambúðar
- Barn verður forsjárlaust vegna fráfalls eða hvarfs foreldris

*Vanræksla varðandi nám getur falist í:*

- Mætingu barns í skóla ábótavant án inngrips foreldra
- Barn ekki skráð í skóla eða missir mikið úr skóla vegna ólögmætra ástæðna
- Foreldrar sinna ekki ábendingum skóla um sérfræðiaðstoð fyrir barnið
- Barn skortir ítrekað nauðsynleg áhöld eða fatnað til skólstarfsins

*Tilfinningaleg vanræksla getur falist í:*

- Foreldri vanrækir tilfinningalegar þarfir barns
- Foreldri örvar hugrænan þroska barns ekki nægilega
- Foreldri vanrækir félagslegan þroska barns
- Foreldri setur barni ekki eðlileg mörk og beitir það ekki nauðsynlegum aga

## Áhættuhegðun barns

Áhættuhegðun barns er skilgreind sem athöfn eða skortur á athöfn barns sem getur valdið barninu sjálfu eða öðrum skaða. Það felur í sér að barn hegðar sér á einhvern hátt sem getur skaðað heilsu og þroska barnsins eða annarra.

*Áhættuhegðun barns getur falist í:*

- Neyslu áfengis, vímuefna eða lyfseðilskyldra lyfja.
- Að barn skaði sjálft sig með því að veita sér áverka
- Að barn beiti aðra ofbeldi, getur verið líkamlegt, tilfinningalegt eða kynferðislegt.

Að öllu jöfnu telst það ekki vanræksla þegar þörfum barnsins er ekki sinnt nógu vel í einstaka skipti en þegar umönnun barns er endurtekið ábótavant flokkast það sem vanræksla

- Erfiðleikar barns í skóla, t.d. mætir illa í skóla eða sinnir ekki heimalærdómi o.fl. þrátt fyrir aðhald foreldra
- Að barn stundi afbrot, t.d. skemmdarverk, þjófnaður, umferðalagabrot eða virðir ekki útivistartíma.



# VERKLAG

## ÞEGAR GRUNUR VAKNAR UM VANRÆKSLU, OFBELDI EÐA ÁHÆTTUHEGÐUN BARNA

Starfsmanni ber:

- Að gæta fyllstu hlutlægni, vanda störf sín og beita faglegum vinnubrögðum.
- Að sjá til þess að mál fari réttan farveg innan stofnunar.
- Að sýna börnum, foreldrum/forráðamönnum og öðrum sem tengjast máli fyllstu nærgætni.
- Að gæta trúnaðar.
- Að halda skráningu um það sem geta verið vísbendingar um vanrækslu, ofbeldi eða áhættuhegðun barns (sjá fylgiskjal 1).

### 1. Hlutverk starfsfólks

#### Ef barn eða ungmenni leitar til starfsmanns

Barn eða ungmenni gefur í skyn að ofbeldi eða vanræksla eigi sér stað á heimili eða annars staðar er mikilvægt að starfsmaður sýni viðeigandi framkomu.

Starfsmaður þarf að átta sig á að barnið sýnir honum mikið traust. Honum ber að halda ró sinni og gæta að réttum vinnubrögðum. Mikilvægt er að hlusta á það sem barnið segir og án þess að trufla frásögn.

*Gott er að nota setningar eins og:*

- Takk fyrir að treysta mér og segja mér frá þessu.
- Viltu segja eitthvað meir?
- Ég ætla að hjálpar þér.

Ef barnið vill ekki tjá sig meira á ekki að beita það þrýstingi. Segja verður barni að réttir aðilar þurfi að vita af málinu svo hægt sé að hjálpa því.

Ef um er að ræða grun um ofbeldi, kynferðislegt eða líkamlegt, er mikilvægt að hlusta á barnið og taka við þeim upplýsingum sem það gefur án þess að spyrja leiðandi spurninga. Leiðandi spurningar geta haft áhrif á framvindu máls hjá lögreglu.

Sé barn með sýnilega áverka eða segi frá ofbeldi skal samstundis hafa samband við stjórnanda viðkomandi stofnunar. Stjórnandi hefur samband við starfsmann barnaverndar hjá Vestmannaeyjabæ.

Stjórnandi  
tilkynnir mál til  
félagsþjónustu

## Ef grunur er um óviðunandi aðstæður, vanrækslu, ofbeldi eða áhættuhegðun barna

Mikilvægt er að starfsmaður sýni varfærni í samræðum við barn eða ungmenni og komi málinu í réttan farveg.

Koma á upplýsingum til stjórnanda. Það er á ábyrgð stjórnanda að tilkynna til félagsþjónustu Vestmannaeyjabæjar. Hlutverk félagsþjónustu er að kanna málið og ræða við barnið eftir þeim reglum sem um slíkt gilda.

Í tilvikum þar sem vanræksla eða áhættuhegðun barns hefur varað lengi og ekki lagast, þrátt fyrir ítrekaðar ábendingar til foreldra, skal tilkynna málið til félagsþjónustu Vestmannaeyjabæjar.

## Ef grunur er um að foreldri eða einstaklingur sem sækir barn í skóla/stofnun sé undir áhrifum áfengis eða annarra vímuefna

Leita skal til stjórnanda og vísa viðkomandi til hans. Þar á að láta viðkomandi vita að starfsfólk gruni hann um að vera undir áhrifum áfengis eða vímuefna og ekki sé rétt að hann fari með barnið.

Koma skal í veg fyrir að viðkomandi fari með barn ef talið er að barninu sé hættu búin. Stjórnandi hringir í lögreglu í síma 112 og óskar eftir aðstoð ef þörf er á.

Stjórnandi tilkynnir málið til félagsþjónustu.

## Ef grunur er um að starfsmaður beiti ofbeldi, sýni óviðeigandi hegðun eða sé undir áhrifum lyfja, fíkniefna eða áfengis.

Leita skal til stjórnanda sem vinnur í samræmi við verklagsreglur stofnunar.

Stjórnandi tilkynnir málið til félagsþjónustu eða eftir atvikum hefur samband við lögreglu eða 112

## 2. Skráning málsatvika

Mikilvægt er að starfsfólk skrái eins fljótt og auðið er málsatvik og samtöl vegna hugsanlegrar tilkynningar. Hver stofnun þarf að hafa skýrt verkferli um skráningar (hver skráir, hvar skal skrá o.s.frv.) og huga í því sambandi að trúnaði og persónuvernd.

## 3. Hvert á starfsmaður að leita?

### Starfsmaður skal leita til stjórnanda

Ef ekki næst í stjórnanda og barn er í hættu, skal tilkynna beint til félagsþjónustu í síma 488-2000 eða í síma 112 og láta stjórnanda vita síðar.

Ef starfsmaður telur sig ekki getað leitað til stjórnanda er honum bent á að hafa samband við fjölskyldu- og fræðsluvið í síma [488-2000](tel:488-2000)/[barnavernd@vestmannaeyjar.is](mailto:barnavernd@vestmannaeyjar.is)/[felags@vestmannaeyjar.is](mailto:felags@vestmannaeyjar.is)

### NAFNLEYND

Tilkynning er á ábyrgð og í nafni stofnunar en ekki einstakra starfsmanna. Stofnun nýtur ekki nafnleyndar sbr. 19. gr. bvl.

## 4. Tilkynning

### Stjórnandi tilkynnir mál til félagsþjónustu Vestmannaeyjabæjar

Tilkynningareyðublað er á vef Vestmannaeyjabæjar undir: Þjónusta/Félagsþjónusta/barnavernd

Ef neyðaratvik koma upp utan skrifstofutíma eða um helgar er hægt að hafa samband við bakvakt barnaverndar í síma 112. Á það við um mál sem geta ekki beðið eftir opnun á skrifstofutíma og bregðast þarf strax við.

# EFTIR AÐ MÁL HEFUR VERIÐ TILKYNNT

## Upplýsingar til tilkynnanda og samstarf

Tilkynnandi á ekki rétt á neinum persónuupplýsingum um barn sem tilkynnt hefur verið um eða fjölskyldu þess. Barnavernd skal staðfesta við tilkynnanda að tilkynning hafi borist og gefa almennar upplýsingar um málsmeðferð.

## Foreldrasamskipti

Stjórnandi skal að jafnaði láta foreldra vita af tilkynningu og gerir þá foreldrum grein fyrir að þannig sé lagaskyldum framfylgt. Í samtali við foreldra þarf að koma fram að málið snúist um velferð barnsins, stuðning við það og fjölskyldu þess. Markmiðið sé að leita lausna og veita viðeigandi stuðning.

Þegar grunur hefur vaknað um að barn búi við ofbeldi á heimili sínu, hvort heldur sem er líkamlegt, tilfinningalegt eða kynferðislegt skal hafa beint samband við starfsmanna barnaverndar án þess að upplýsa foreldra um það.

## Stuðningsúrræði

Möguleg stuðningsúrræði barnaverndar eru regluleg viðtöl við félagsráðgjafa, ýmiss sérfræðiþjónusta, persónulegir ráðgjafar, tilsjón og stuðningsfjölskyldur. Auk úrræða sem sótt er um hjá Barnaverndarstofu. Ætíð er lögð áhersla á samvinnu við foreldra.

# VERKLAG

## VEGNA GRUNS UM VANRÆKSLU, OFBELDI EÐA ÁHÆTTUHEGÐUN BARNNA/UNGMENNA

### 1. GRUNUR UM VANRÆKSLU, OFBELDI EÐA ÁHÆTTUHEGÐUN

Barn leitar til starfsmanns

Grunur starfsmanns um óviðunandi aðstæður

Grunur um að starfsmaður beiti ofbeldi eða sýni óviðeigandi hegðun

Grunur um að foreldri eða sá sem sækir barn sé undir áhrifum áfengis eða annarra vímuefna

### 2. SKRÁNING MÁLSATVIKA

Mikilvægt er að starfsmaður skrái eins fljótt og auðið er málsatvik vegna hugsanlegrar tilkynningar og gæti að trúnaði

Skrá jafnóðum ef einhverjar áhyggjur eru, getur verið fljótt að safnast saman þegar skoðað er í heild.

### 3. HVERT LEITAR STARFSMAÐUR?

Starfsmaður leitar til stjórnanda eins fljótt og auðið er

Ef starfsmaður nær ekki í stjórnanda og barn er í hættu skal hafa samband við starfsmann barnaverndar í síma 488-2000 eða í síma 112 og láta stjórnanda síðan tafarlaust vita

Ef starfsmaður telur sig ekki getað leitað til stjórnanda skal hann hafa samband við fjölskyldu- og fræðslusvið, 112 eða lögreglu

### 4. TILKYNNING

Stjórnandi ber ábyrgð á að tilkynna mál til starfsmanns barnaverndar

Tilkynningareyðublað er að finna á vef Vestmannaeyjabæjar: Þjónusta/Félagsþjónusta/barnavernd

Ef atvik koma upp utan skrifstofutíma eða um helgar sem þola ekki bið er hægt að hafa samband við bakvakt barnaverndar í síma 112

Skylda er að tilkynna grun um vanrækslu, ofbeldi eða áhættuhegðun barna/ungmenna